

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2019

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um bætur vegna æruðmeiðinga 278. mál


(Lagt fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019–2020)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands hefur átt aðkomu að undirbúningi þessarar lagasetningar í nefnd forsætisráðherra um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis og styður þær breytingar sem þar er kveðið á um eindregið. Nefndin samþykkti þessa breytingu á lögunum samhljóða og stendur öll að henni. Samþykkt frumvarpsins er að mati félagsins til þess fallið að styrkja tjáningarfrelsið í sessi og felur í sér löngu tímabærar breytingar á löggjöf í þessum efnum.

Óski Allsherjar- og menntamálanefnd eftir frekari rökstuðningi fyrir afstöðu BÍ er fulltrúi félagsins að sjálfsgöðu reiðubúinn að koma fyrir nefndina.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ



FJÖLMIÐLANEFND

Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 18. nóvember 2019

Mál nr. 2019-2017 /0.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um bætur vegna ærumeiðinga

Vísað er til tölvupósts. dags. 25. október 2019 þar sem óskað er umsagnar fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um bætur vegna ærumeiðinga (þingskjal 312 – 278. mál). Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laga um ærumeiðingar verði færð úr almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (hér eftir almenn hegningarlög) yfir í sérstök lög. Þá er í frumvarpinu lagt til að refsingar vegna ærumeiðinga verði nánast að öllu aflagðar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að núgildandi hegningarlagaákvæði standist illa stjórnarskrá og alþjóðaskuldbindingar og hafi það leitt til þess að gildandi ákvæði almennra hegningarlaga hafi sífellt minni þýðingu við úrlausn meiðyrðamála.

Í greinargerð er vísað til þróunar og nauðsynjar þess að breyta ákvæðum gildandi laga um ærumeiðingar, er m.a. fjallað um þingsályktunartillögur frá 1995-1996, þingsályktunartillögu frá 2006-2007 og þingsályktun frá árinu 2010 um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Einnig kemur fram að óskað hafi verið eftir álitni refsiréttarnefndar um hvort rétt væri að afnema refsingar við ærumeiðingum. Í niðurstöðu refsiréttarnefndarinnar frá 12. nóvember 2012 hafi komið fram að til greina kæmi að afnema refsíákvæði 234. – 237. gr. hegningarlaga um ærumeiðingar en að tryggja þyrfti að þeir sem teldu vegið að æru sinni á opinberum vettvangi nytu fullnægjandi réttarúrræða.

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega bent á að í ærumeiðingarmálum vegast á tvenns konar réttindi, annars vegar friðhelgi einkalífs og hins vegar tjáningarfrelsi. Þá er í ítarlegu máli farið yfir þessi réttindi og hugtakið æru og æruvernd í núgildandi lögum útskýrt. Jafnframt er fjallað um dómaframkvæmd bæði hér á landi, sem og dóma Mannréttindadómstóls Evrópu.



FJÖLMIÐLANEFND

Sögulegt yfirlit

Í doktorsritgerð Gunnars Thoroddsen, Fjöldmæli, frá árinu 1967 er í ítarlegu máli farið yfir íslensk lög og lagaframkvæmd varðandi ærumeiðingar frá upphafi landnáms fram á 20. öld. Í bókinni eru rakin refsímæli Grágásar, sem giltu á þjóðveldistímanum, en þá giltu rækilegar réttarreglur um ærumeiðingar. Einnig er farið yfir það hvað geti talist árásir á æruna og hvaða tilvik og aðstæður geti heimilað slíkar árásir. Fjallað er um það hverjir skuli njóta æruverndar, auk þess sem rakin eru viðurlög við ærumeiðingum. Jafnframt hefur verið tekið saman yfirlit um réttarreglur nokkurra landa á sviði æruverndar.

Í reifun Gunnars má sjá að allt frá þjóðveldistímanum hefur þótt afar mikilvægt að vernda æru og orðspor fólks og voru ólögmetar athafnir refsiverðar. Alvarleiki brotsins var talinn fara eftir því hversu alvarlega ásökun ærumeiðingin fæli í sér og hversu lítilsvirðandi ummælin væru. Þannig má sjá að í hegningarlögum árið 1940 var gerður greinarmunur á milli móðgana og lítilsvirðandi ummæla og athafna annars vegar og aðdróttana hins vegar. Gunnar bendir á að mörk refsiverðra ærumeiðinga eru breytileg eftir tíma, löndum og þjóðfélagsskipan. Þannig geta mörkin breyst með breyttum siðgæðisvenjum og umgengnisvenjum og þegar viðhorf til ritfrelsis og málfrelsis breytist.

Gunnar bendir á að þess sé ekki krafist að ærumeiðingin hafi haft raunverulega þau áhrif að særa sjálfsvirðingu manns eða hnekkja álit hans. Ástæðan er sú að eðliseinkenni ærumeiðingar er að hún er friðarbrott og röskun á þeirri friðhelgi sem menn eiga rétt til að njóta. Þar sem ærumeiðing er friðarröskun er brotið fullframið þegar friði er raskað.

Í bókinni er þannig ítarlega gerð grein fyrir tengslum æruverndar og friðhelgi einkalífs og hversu mikilvægt var talið að hægt væri að vernda æru og orðspor í norrænum rétti.

Þróunin á Norðurlöndunum

Rétt er að gera stuttlega grein fyrir stefnumótun og þróun á réttarsviðinu á Norðurlöndunum til að setja hið íslenska frumvarp í norrænt samhengi. Í Svíþjóð var gefin út hvítbókin *Integritet och straffskydd* árið 2016 (SOU 2016:7), eða mannhelgi og refsivernd, þar sem farið var ítarlega yfir almenn hegningarlög og tengda löggjöf er varðar friðhelgi einkalífs og tengsl þeirra réttinda við önnur mannréttindi. Tilfni hvítbókarinnar er hin mikla breyting sem netið og samfélagsmiðlar hafa haft í för með sér á samfélagið allt. Í hvítbókinni eru settar fram viðamiklar tillögur að



FJÖLMÍÐLANEFND

breytingum á lögum, þar sem friðhelgi er sett í mun víðara samhengi vegna tilkomu stafrænna miðla. Í hvítbókinni er jafnframt að finna ítarlega umfjöllun um æruvernd. Þar kemur m.a. fram að þrátt fyrir þær jákvæðu breytingar sem netið hafi haft í för með sér þá geti umfjöllun og ummæli um einstaklinga á netinu verið mjög óvægin. Ýmis dæmi eru um að einstaklingar hafi orðið fyrir flóði ærumeiðandi ummæla sem hafi valdið þeim miklum skaða. Skaða verði hvert tilvik fyrir sig, þar sem sum brot ættu að leiða til bóta vegna ærumeiðinganna en að önnur brot gætu talist svo alvarleg að viðeigandi refsheimildir þyrftu að vera til staðar í lögum. Því hefur verið lagt til að bæði saksóknari og sérstakur saksóknari í mannréttindabrotum (s. Justítíekanslarn) þurfi frekari heimildir til að bregðast við alvarlegum brotum gegn æru. Myndi það gera bæði rannsóknir og saksókn í slíkum málum mun skilvirkari.

Í sænsku hvítbókinni er bent á að í stafrænum heimi verði sífellt erfiðara að vita hver standi að baki ærumeiðingum á netinu. Upplýsingar fáist oft ekki um það hverjir standi að baki vefsíðum, auk þess sem notkun falskra notendareikninga á samfélagsmiðlum og yrkja (e. bots) hafi færst í vöxt. Í Svíþjóð getur lögreglan rannsakað mál þegar grunur er um brot gegn sænskum hegningarlögum. Ef ákvæði eru færð úr hegningarlögum og í einkaréttarlegan farveg þarf brotþoli sjálfur að bera kostnað af rannsókn málsins en ekki hið opinbera. Í Svíþjóð er talið mikilvægt að öll úrræði séu til staðar í rannsóknum og saksókn á alvarlegum ærumeiðingarmálum.

Í Danmörku var gefin út ítarleg hvítbók um friðhelgi einkalífs og æruvernd árið 2017 (Betækning nr. 1563). Í hvítbókinni kemur fram að með tilkomu stafrænna miðla telji stjórnvöld mikilvægt að hið danska samfélag axli í auknum mæli ábyrgð á friðhelgi og æruvernd borgaranna. Ástæðan er ekki síst sú að dreifing falsfrétta hafi aukist og að einstaklingar hafi orðið fyrir flóði ærumeiðinga sem hafi valdið þeim verulegu tjóni. Í hvítbókinni er farið ítarlega yfir sjónarmið sem liggja tjáningarfrelsinu til grundvallar en einnig sjónarmið að baki friðhelgi einkalífs og æruvernd. Þá er farið yfir þær breytingar sem tækniframþróun hefur haft í för með sér á samfélagið allt.

Í hvítbókinni eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum til að fanga betur hinn stafræna veruleika sem felur í sér nýjar áskoranir fyrir æruvernd og friðhelgi einkalífs. Í hvítbókinni er fjallað ítarlega um sjónarmið að baki tjáningarfrelsinu þess efnis að varasamt sé að refsa fyrir skoðanir og ummæli. Þó er tekið fram að þegar litið sé til allra sjónarmiða og mikilvægi verndar friðhelgi einkalífs og æruverndar verði að teljast nauðsynlegt að fyrir hendi séu úrræði sem geri kleift að beita refsingum í alvarlegum málum. Mikilvægt sé að fanga þau alvarlegu tilvik þar sem brot varða ekki einungis einstaklinginn sjálfan, heldur allt samfélagið í heild.



FJÖLMIÐLANEFND

Með talsverðri einföldun má segja að niðurstaða bæði sænsku og dönsku hvítbókarinnar sé sú að vegna þeirra alvarlegu brota sem eiga sér stað á stafrænum miðlum sé ekki tilefni til að falla frá refsingum í ærumeiðingarmálum. Í hvítbókunum er bent á að ærumeiðingar geti verið mjög alvarlegar og varðað samfélagslega hagsmuni. Einnig geti brotin verið væg þar sem nægir að dæma bætur vegna ærumeiðinga. Í bæði Svíþjóð og Danmörku eru lagðar fram ítarlegar breytingar á lögum sem eiga að fanga þann stigs- og eðlismun sem getur verið á brotum gegn æru einstaklinga. Engar fyrirætlanir eru um afnám refsiverndar. Þvert á móti er talið að rétt sé að styrkja refsvernd vegna ærumeiðinga, ekki síst vegna þeirra breytinga sem orðið hafa með hinum stafræna veruleika.

Að lokum er vert að minnast á það að í frumarpinu er því haldið fram að refsingar hafi alfarið verið afnumdar í norskum lögum árið 2015. Hið rétta er að ærumeiðingar voru færðar úr almennum hegningarlögum í Noregi, en eftir stendur ákvæði til verndar friðhelgi einkalífs (267 gr. norskra hegningarlaga). Ákveðnar tegundir ærumeiðinga gætu því fallið undir það ákvæði og eru því áfram refsiverðar.

Skaðsemi upplýsingaóreiðu í lýðræðisríkjum

Ekki er hægt að veita umsögn um frumvarp til laga um bætur vegna ærumeiðinga án þess að minnast á þær miklu breytingar sem hafa orðið á fjölmiðlun og aðgangi að upplýsingum á allra síðustu árum. Eftir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 2016 birtust greinar um að falsfréttir og upplýsingaóreiða hefðu breiðst hratt út með tilkomu netsins og samfélagsmiðla í aðdraganda kosninganna. Farið var markvisst að rannsaka útbreiðslu þeirra í Bandaríkjunum og Evrópu og ljóst að stjórnámamenn, blaða- og fréttamenn og aðrir sem höfðu rödd í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum urðu kerfisbundið fyrir barðinu á vísitandi staðlausri fréttaumfjöllun.

Í skýrslu Evrópuráðsins *Information Disorder: Toward an interdisciplinary framework for research and policy making*, sem kom út haustið 2017, er bent á að upplýsingamengun megi flokka í þrennt. Í fyrsta lagi tekur hugtakið til þess þegar röngum upplýsingum er deilt en er ekki ætlað að valda skaða (e. mis-information). Í öðru lagi á það við rangar upplýsingar sem er deilt og er ætlað að valda skaða (e. dis-information). Í þriðja lagi er réttum upplýsingum deilt og þeim ætlað að valda skaða (e. mal-information). Dæmi um hið síðastnefnda er þegar persónulegum tölvupóstum, sem ekki eru ætlaðir til opinberrar birtingar, er miðlað til almennings.

Rannsóknir sýna að líklegra er að skilaboðum, sem hreyfa tilfinningalega við fólki, sé deilt en öðru efni. Þá sýna rannsóknir að auðveldara er að virkja neikvæðar tilfinningar en jákvæðar, sérstaklega



FJÖLMIÐLANEFND

hræðslu og reiði. Sýnt hefur verið fram á ákveðna töfraformúlu sem einkennir skilaboð sem teljast til upplýsingamengunar. Þeim er ætlað að vekja sterk tilfinningaleg viðbrögð og höfða til almennings með sjónrænum hætti, gjarnan sem mynd eða myndbrot. Skilaboðin fela í sér áhrifamikla frásögn og undantekningarlaust fela þau í sér endurtekningu. Sömu skilaboðum, með lítillaga frábrugðinni frásögn og myndefni, er því dreift til að festa þau í sessi með sífelldri endurtekningu.

Framleiðendur og dreifendur skilaboða vita einnig sem er að myndir og myndbönd eru líklegri til að fá dreifingu í algóripnum samfélagsmiðlanna. Jafnframt er erfiðara að afhjúpa rangfærslur þegar um myndir eða myndbrot er að ræða. Afleiðingin af upplýsingaóreiðu getur orðið sú að almenningur hættir að deila sameiginlegum gildum og heimsmynd. Þetta er ástæða þess að ríkisstjórnir nágrannaríkja Íslands beggja megin Atlantsála telja það nauðsynlegt lýðræðinu að sporna gegn slíkri upplýsingaóreiðu.

Nú er svo komið að svokallaðar tröllaverksmiðjur (e. trollfactories) og yrkjar (e. bots) eru farnar að dreifa gríðarlegu magni af röngum staðhæfingum og áróðri í öllum helstu ríkjum heims. Yrkjar eru hugbúnaður sem ætlað er að framkvæma einföld og endurtekin verkefni, eins og síendurtekna dreifingu efnis. Hugtakið tröllaverksmiðja vísar til þess að svokölluð nettröll eru ráðin til starfa á launum til að dreifa staðleysum eða haturstali með það að markmiði að hafa áhrif á almenningsálitið. Miðlað er miklu magni af samsæriskenningum, lygafréttum og staðleysum sem er ætlað að vekja tilfinningar hjá notendum og þannig deilt áfram.

Með nýrri tækni er sífellt auðveldara að búa til hljóðbrot og myndbönd þar sem einstaklingur er látinn segja eitthvað allt annað en það sem hann hefur raunverulega sagt (e. deep fakes). Slík hljóðbrot og myndbönd geta skaðað æru viðkomandi einstaklings þar sem útbreiðslan getur orðið afar hröð á samfélagsmiðlum og oft er engin leið fyrir einstaklinginn að leiðrétta rangfærsluna. Nýlegt dæmi er myndband, sem fór í mikla dreifingu á Ítalíu, þar sem fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, Matteo Renzi, lét móðgandi orð falla um ýmsa ítalska stjórnámálamenn. Myndbandið var upphaflega sýnt í háðsádeilubætti í ítalska sjónvarpinu en náði fljótt mikilli dreifingu á samfélagsmiðlum. Fjöldi fólks sem sá myndbrotið á netinu vissi ekki að um háðsádeilu væri að ræða þar sem myndbandið var afar vel gert. Mikill fjöldi notenda lét því í ljós reiði sína á óviðurkvæmilegri hegðun Renzi sem skaðaði orðspor hans.



FJÖLMIÐLANEFND

Dómsmál vegna brota á æruvernd finnsku fréttakonunnar Jessikku Aro

Þann 19. október 2018 féll fyrsti dómurinn í máli finnsku fréttakonunnar Jessikku Aro, sem hafði allt frá árinu 2014 rannsakað umsvif og áhrif rússneskra nettrölla á finnska samfélagsumræðu. Rannsóknir hennar sýndu fram á það hvernig falsaðir notendareikningar samfélagsmiðla og yrkjar (e. bots) voru notaðir til að dreifa áróðri og samsæriskenningum á finnskum samfélagsmiðlum. Þá sýndi hún fram á tengsl þessara aðila við stjórnvöld í Kreml. Í kjölfarið hófust alvarlegar ærumeiðingar gegn fréttakonunni og brot gegn friðhelgi hennar. Símanúmer hennar var gert opinbert, ranglega var staðhæft að hún væri á mála hjá Nató og bandarísku leyniþjónustunni og fölsuð lögregluskýrsla, sem var ætlað að sýna að hún hafi verið tekin fyrir fíkniefnasölu, var sett í umferð. Mennirnir þrír sem hlutu dóm höfðu áður ráðist á finnska einstaklinga á netinu vegna gagnrýni þeirra á rússnesk stjórnvöld. Hinar alvarlegu árásir á æru og friðhelgi Jessikku Aro áttu sér stað vegna rannsókna hennar á umsvifum rússneskra stjórnvalda í finnskri samfélagsumræðu, sem var ætlað að sá tortryggni gagnvart finnskum stjórnvöldum og réttarríkinu.

Um 300 fréttir hafa birst um Jessikku Aro og hafa þær fengið gríðarlega útbreiðslu. Talið er að fréttirnar hafi verið lesnar mörgum milljónum sinnum. Upphafsmenn þessarar rógsherferðar hafa nú verið dæmdir í fangelsi á grundvelli laga um ærumeiðingar. Mál Jessikku var nú aftur til meðferðar fyrir finnskum dómstólum í október á þessu ári þar sem hún hefur krafist miskabóta.

Þetta tímamótadómsmál hefur vakið stjórnvöld í nágrennaríkjum okkar til vitundar um þær miklu breytingar sem orðið hafa í samfélaginu með tilkomu umfangsmikillar upplýsingaóreiðu sem breiðist hratt út á samfélagsmiðlum og á netinu. Slík upplýsingaóreiða getur bæði stafað frá útsendurum erlendra ríkja, eins og í máli Jessikku Aro, en einnig frá innlendum einstaklingum, hópum eða hagsmunaaðilum, sem vilja hafa áhrif á almenningaálitið. Dómurinn þykir sýna glöggð að æruvernd þarf alls ekki aðeins að vera einkamál þess einstaklings sem um ræðir. Þvert á móti varða gróf brot samfélagið allt. Þetta sýnir mikilvægi þess fyrir lýðræðið að hægt sé að viðhafa frjáls skoðanaskipti og því er talið að stjórnvöld þurfi sérstaklega að tryggja slíka vernd. Beinir samfélagslegir hagsmunir eru af því að reynt sé að tryggja að stjórnmalamenn, blaða- og fréttamenn, álitsgjafar og almenningur fái að tjá sig opinberlega, án þess að eiga á hættu að verða fyrir stórfelldum ærumeiðingum á samfélagsmiðlum.



FJÖLMIÐLANEFND

Samfélagsleg ábyrgð að vernda æru og mannhelgi á tímum upplýsingaóreiðu

Í greinargerð með frumvarpi til laga um bætur vegna ærumeiðinga er einungis fjallað með sögulegum hætti um ærumeiðingar. Hvorki eru ærumeiðingar settar í samhengi upplýsingaóreiðu né fjallað um nýja dóma þeim tengdum. Þá er heldur ekki fjallað um þær aðgerðir sem verið er að leggja til í nágrannaríkjum Íslands til að útvíkka friðhelgi einkalífs með ýmiskonar lagabreytingum, þ.m.t. ákvæði um æruvernd. Frumvarpið sem lagt hefur verið fram um bætur vegna ærumeiðinga er því á skjön við þann stafræna veruleika sem við búum í og við og þau úrræði og lagabreytingar sem verið er að grípa til í þeim ríkjum sem Ísland ber sig helst saman við.

Þetta sést glögg í 1. gr. frumvarpsins en þar er ekki tekið tillit til þess að á stafrænum miðlum er alls ekki ljóst hvort hægt sé að upplýsa um það hver lætur hin ærumeiðandi ummæli falla. Þá er í d-lið 3. mgr. 1. gr. fjallað um útbreiðslu ummæla án þess að tekið sé tillit til þeirrar gríðarlegu hröðu útbreiðslu sem fylgir stafrænum miðlum og hvaða áhrif það getur haft. Þá tekur d-liður sömu mgr. ekki tillit til þess að staðhæfing getur alfarið breytt um merkingu þegar hún fer í dreifingu. Dæmi um slíkt er t.d. myndband Matteo Renzi, þar sem dreifingin á netinu breyttist algjörlega í samfélagslegri umræðu frá því upphaflega samhengi þegar myndbandið var sýnt í sjónvarpi sem háðsádeila. Frumvarpið fangar þannig ekki stafrænan veruleika dagsins í dag.

Í frumvarpinu er fyrningarfrestur eitt ár í stað fjögurra ára frá þeim degi er tjónþoli fékk „nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga“, sbr. 9. gr. laga nr. 150/2007. Gildandi fyrningarlög veita ekki aðeins fjögurra ára frest heldur er upphafstími fyrningar miðaður við að viðkomandi hafi haft vitneskju um tjónið og tjónvald. Í þessu felst að brot fyrnist í raun ekki fyrr en að liðnum mun lengri tíma en fjórum árum. M.ö.o. er leitast við í fyrningarlögum að tryggja réttarvernd tjónþola til hins ítrasta. Sá stutti fyrningarfrestur sem byggt er á í frumvarpinu gæti þannig orðið til þess að gera að engu þann litla rétt sem tjónþola er þó ætlaður, verði frumvarpið að lögum. Þetta er sérstaklega bagalegt í þeim tilvikum þegar rannsaka þarf hver raunverulega stendur á bak við ærumeiðingarnar. Í þessu sambandi, ótengt fyrningu, má einnig nefna að sú rannsókn væri alfarið á ábyrgð og kostnað tjónþola, en lögreglurannsókn kemur ekki til greina vegna þess að æra einstaklinga nýtur ekki lengur refsiverndar. Þótt meiðyrðamál sem höfðuð eru á grundvelli almennra hegningarlaga séu almennt einkarefsimál og sæti ekki opinberri ákæru, nema sá sem misgert er við sé opinber starfsmaður, getur sá sem verður fyrir ærumeiðandi aðdróttun þó krafist þess að brotið sæti ákæru hafi hin ærumeiðandi aðdróttun verið borin fram skriflega en annað hvort nafnlaust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift. Vitaskuld þarf ekki að taka fram að möguleikar einstaklings til slíkrar



FJÖLMIÐLANEFND

rannsóknar eru litlir í samanburði við möguleika lögreglunnar sem nýtur ýmissa heimilda að lögum til þess að afla gagna og tryggja framgang réttlætisins.

Fjölmiðlanefnd telur að breytingarnar geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir rannsóknarblaðamennsku líkt og mál Jessikku Aro sýnir glögg. Það getur verið afar erfitt fyrir bæði uppljóstrara og blaða- og fréttamenn að verja sig ef fjársterkir hagsmunaaðilar eða erlend stjórnvöld ráðast að friðhelgi og æru viðkomandi til að draga úr trúverðugleika þeirra þegar verið er að upplýsa um mikilvæg samfélagsleg mál. Þá verður að hafa í huga að fjölmiðlar standa veikum fótum og hafa oft ekki fjárhagslega burði til að verja blaðamenn sína í slíkum málum.

Fjölmiðlanefnd mælir gegn því að frumvarpið verði að lögum. Engin rök standa til þess að fara aðra leið en þau ríki sem við viljum bera okkur saman við hafa ákveðið að fara að undangenginni ítarlegri rannsókn og umræðum þar til bærri aðila. Haft getur alvarleg skaðleg samfélagsleg áhrif að nema úr gildi ákvæði án þess að búið sé að meta þörfina á nýjum ákvæðum sem er ætlað að verja friðhelgi og æru fólks í stafrænum heimi. Mun skynsamlegra er að lagt verði fram nýtt frumvarp sem byggir á þem greiningum og tillögum að úrbótum sem settar hafa verið fram í hvítbókum Norðurlandþjóðanna. Ástæðan er sú að þar hefur ítarlega verið tekið tillit til þeirra tæknilegu og samfélagslegu breytinga sem orðið hafa á allra síðustu árum. Ljóst er að æruvernd og brot á friðhelgi einkalífs fólks er ekki alltaf einkamál þeirra sem fyrir slíkum brotum verða á tímum stigvaxandi upplýsingaóreiðu eins og dæmin í nágrannaríkjum okkar sýna.

Að lokum er vert að minnast á að í álitni refsiréttarnefndar frá árinu 2012 kom fram að ef afnema ætti refsíákvæði 234. – 237. gr. almennra hegningarlaga um ærumeiðingar þyrfti að tryggja að þeir sem telja vegið að æru sinni á opinberum vettvangi njóti fullnægjandi réttarúrræða. Spyrja má hvort bætur í ærumeiðingarmálum séu fullnægjandi réttarúrræði í stafrænum heimi.

Fjölmiðlanefnd veitir fúslega frekari upplýsingar sé þess óskað.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Elfa Ýr Gylfadóttir